

SKÝRSLA UM ALVARLEGT FLUGATVIK

Hreyfill missti afl

M-01607/AIG-06

TF-FAC
Bellanca 8KCAB
Við Melgerðismela í Eyjafirði
28. mars 2007



Markmið flugslysarrannsókna er að greina orsakapætti flugslysa í því skyni einu að koma í veg fyrir að flugslys endurtaki sig og stuðla að því að öryggi í flugi megi aukast. Tilgangurinn er ekki að skipta sök og/eða ábyrgð. Skýrslu Rannsóknarnefndar flugslysa skal ekki beitt sem sönnunargagn í opinberum málum, en rannsókn á meintri refsiverðri háttsemi í tengslum við flugslys er óháð rannsókn flugslysa sbr. lög nr. 35/2004 um rannsókn flugslysa.

Um flugið


Helstu staðreyndir	
Staðsetning:	Eyjafjarðarbraut (vegur nr. 821) við Melgerðismela
Dagsetning:	28. mars 2007
Tími¹:	13:04
Lofffarið:	
• tegund:	Bellanca 8KCAB
• skrásetning:	TF-FAC
• framleiðsluár:	1978
• raðnúmer	419-78
• Lofthæfiskírteini:	Lofthæfiskírteini í gildi
Tegund flugs:	Einkaflug
Fjöldi um borð:	1
Meiðsl:	Engin
Skemmdir:	Engar
Atviklýsing:	Nauðlenti á þjóðvegi eftir að hreyfill missti afl

Flugmaður									
Aldur, kyn:	21 árs, karlmaður								
Skírteini:	Handhafi einkaflugmannsskírteinis, útgefið af Flugmálastjórn Íslands, skírteinið var í gildi								
Heilbrigðisvottorð:	Í gildi								
Áritanir:	Fjölhreyflaáritun								
Reynsla:	<table border="1"><tbody><tr><td>Heildartími:</td><td>786,3</td></tr><tr><td>Heildartími tegund:</td><td>176,6</td></tr><tr><td>Síðustu 90 dagar:</td><td>14,6</td></tr><tr><td>Síðustu 24 tímar:</td><td>0,8</td></tr></tbody></table>	Heildartími:	786,3	Heildartími tegund:	176,6	Síðustu 90 dagar:	14,6	Síðustu 24 tímar:	0,8
Heildartími:	786,3								
Heildartími tegund:	176,6								
Síðustu 90 dagar:	14,6								
Síðustu 24 tímar:	0,8								

¹ Allir tímar í skýrslunni eru staðartími (UTC) ef annað er ekki tekið fram.

Þann 28. Mars 2007 var einkaflugmaður að fljúga á flugvélinni TF-FAC í lágflugi yfir flugvöllinn á Melgerðismelum. Þegar flugvélin var í um það bil 50 feta hæð yfir flugbraut 22 fannst flugmanninum að snúra, sem tengd var úr farsímanum² hans í heyrnatólin, hafi flækst í einhverju og togaði hann því kröftuglega í snúruna. Skömmu eftir það missti hreyfill flugvélarinnar skyndilega afl. Hraði flugvélarinnar var þá að sögn flugmannsins um það bil 120 hnútar. Flugmaðurinn beindi flugvélinni þá upp og náði um það bil 200 feta hæð. Hann ákvað þá að nauðlenda flugvélinni á vegi sem framundan var (Eyjafjarðarbraut) og tókst landingin vel. Eftir landinguna tók flugmaðurinn eftir því að skrúfað hafði verið fyrir eldsneytiskranann að mestu og taldi hann sig í ógáti hafa skrúfað fyrir eldsneytiskranann með því að krækja ofangreindri snúru í hann og líklega lokað fyrir kranann með því að toga í snúruna.

Á myndinni hér að neðan má sjá hvernig snúran hefur líklega krækst í kranann.



Eftir að hafa skrúfað frá krananum aftur og fengið flugvirkja til þess að fullvissa sig um að hreyfillinn væri í lagi hóf flugmaðurinn flugvélin á loft frá veginum (í samráði við lögreglu) og flaug henni til flugvallarins á Akureyri.

² Farsímann hafði hann í buxnavasa sínum.

Tillögur í öryggisátt

Engar

Reykjavík, 29. apríl 2009
Rannsóknarnefnd flugslysa